

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menntasjóðs Kaupþings banka hf.

1. gr.

Stofnaðild o.fl.

Sjóðurinn heitir Menntasjóður Kaupþings banka hf. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Stofnandi sjóðsins er Kaupþing banki, kt. 560882-0419, Ármúla 13, Reykjavík. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að efla menntun og rannsóknir á sviði fjármálafræði, stærðfræði og skyldra greina hélendis og á starfssvæði bankans samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni. Tilgangi sjóðsins skal náð með beinum fjárframlögum og styrkjum eins og nánar er greint frá í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, tilnefndir til 3 ára í senn. Stjórnarmenn og varamenn þeirra, sem skulu vera tveir, skulu tilnefndir af stjórn Kaupþings banka hf.

4. gr.

Stofnframlag.

Stofnfé sjóðsins eru verðbréf og peningar í vörslu Kaupþings banka hf. að upphæð kr. 20.000.000 tuttugu milljónir króna, þar af óskerðanlegt stofnfé að lágmarksfjárhæð kr. 700.000 að raungildi.

5. gr.

Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Arður, söluhagnaður og vextir.
2. Framlög og gjafir sem sjóðnum berast.
3. Aðrar tekjur.

6. gr.

Ráðstöfun fjár.

Framlög úr sjóðnum skulu veitt í samræmi við tilgang hans. Stjórnin ráðstafar fé sjóðsins og ákveður úthlutun í samræmi við starfsreglur sem stjórnin setur. Árleg framlög úr sjóðnum skulu að jafnaði ekki nema hærri fjárhæð en 10% höfuðstóls eins og hann var í árslok árið á undan. Óheimilt er að skerða óskerðanlegt stofnfé.

Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðbók um það sem gerist á fundum, um ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um starfshætti stjórnarinnar og úthlutun framlaga úr sjóðnum.

7. gr.

Ávöxtun og rekstur.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins og ávöxtun fjármuna hans. Kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist af fjármunum hans.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og reikningar hans skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda. Reikningarnir skulu birtir með reikningum Kaupþings banka hf.

8. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Allar breytingar á skipulagsskrá sjóðsins skulu samþykktar af meirhluta stjórnar. Þær skulu hljóta staðfestingu hluthafafundar Kaupþings banka hf. Ákvarðanir um niðurlagningu sjóðsins skulu teknar á sama hátt.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans ráðstafað til sambærilegrar starfsemi eða þær lagðar fram sem stofnfé í nýjan sjóð sem hefur skyld markmið.

10. gr.

Skráning sjóðsins.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

ERINDISBRÉF**nemaleyfisnefnda.**

1. gr.

Nemaleyfisnefndir eru skipaðar til fjögurra ára af menntamálaráðherra og starfa í umboði hans. Nemaleyfisnefndir eru skipaðar að ósk starfsgreinaráðs sem gerir tillögu um fjölda nefndarmanna og tilnefnir jafnframt fulltrúa í hverja nefnd fyrir sig. Nemaleyfisnefndum ber að starfa í samræmi við lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um námssamninga og starfsþjálfun á hverjum tíma.